



# HRUNAMANNAHREPPUR

**21. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR  
KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 2. FUNDUR ÁRSINS  
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. FEBRÚAR 2020  
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2020, þann 6. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Aðalsteinn Þorgeirsson sem varamaður Sigurðar Sigurjónssonar, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, erindi frá Límtré Vírnet ehf um forkaupsrétt. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði tekið fyrir.

## **Erindi til sveitarstjórnar:**

- 1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Breytingar.**

Oddviti kynnti erindi frá Sigurjóni Snæ Jónssyni formanni atvinnu-, ferða- og menningarnefndar þar sem hann óskar eftir leyfi frá nefndarstörfum út árið 2021 og Rúnari Guðjónssyni þar sem hann óskar eftir lausn frá nefndarstörfum. H-listinn óskar eftir að málinu verði frestað til næsta fundar og samþykkir sveitarstjórn það.
- 2. Sonus Viðburðir: Flúðir um Versló.**

Oddviti fór yfir erindi frá Sonus Viðburðum ehf varðandi Flúðir um Versló 2020 en félagið hefur áhuga á að halda atburðinn, sjá um viðburðastjórn, skemmtanahald og taki félagsheimilið á leigu um verslunarmannahelgina. Sveitarstjórn samþykkir að gera samkomulag við Sonus Viðburði um leigu á félagsheimilinu og viðburðastjórn og felur sveitarstjóra eða oddvita að ganga frá samkomulaginu. Varðandi hugleiðingar um tónleika á plani félagsheimilisins telur sveitarstjórn þær hugmyndir ekki tímabærar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á planinu. Varðandi tjaldsvæðismál sem getið er í erindinu hefur sveitarfélagið ekki svæði sem væri heppilegt fyrir þessa starfsemi. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og telur að hátíðin í fyrra hafi haft gott yfirbragð.
- 3. Samningar um refa- og minkaveiðar 2020.**

Oddviti kynnti drög að samningum um refa- og minkaveiði fyrir árið 2020 við veiðimenn sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra að ganga frá samningunum.
- 4. HMS: Uppfærsla á húsnæðisáætlunum sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti bréf frá Húsnæðismálastofnun, HMS, um að uppfærsla sé nauðsynleg á húsnæðisáætlunum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að uppfærslu á húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.
- 5. Kosning í 17. júní nefnd.**

Oddviti lagði til að Ævar Eyfjörð Sigurðsson verði skipaður í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.
- 6. Kosning ruslamálaráðherra 2020.**

Oddviti lagði til að Ragnheiður Georgsdóttir verði skipaður sem ruslamálaráðherra 2020 og var það samþykkt.
- 7. Aðsókn 2019 í sundlaug og tækjasal.**

Oddviti kynnti samantekt á aðsókn í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir árið 2019. Alls sóttu sundlaugina rúmlega 12439 manns sem er fjölgun miðað við síðasta ár. Þá sóttu á árinu 2019 tæplega 2658 manns tækjasal íþróttahússins sem er aðeins meiri aðsókn en frá fyrra ári.
- 8. Samband íslenskra sveitarfélaga: Viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmálaflokka.**

Oddviti kynnti viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmálaflokka. Sveitarstjórn samþykkir að nýta sér ekki þennan rétt enda sé stærð sveitarfélagsins með þeim hætti.

9. **Ástand vegs í Miðfellshverfi.**

Oddviti fór yfir erindi sem hagsmunaaðili í Miðfellshverfinu hefur sent á Vegagerðina varðandi endurbætur á vegi inn í Miðfellshverfið. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps tekur undir það að ástand vegs í gegnum Miðfellshverfið sé óviðunandi. Þessi stutti vegur þarf vegna umtalsverðrar atvinnustarfsemi og þéttrar byggðar að standa undir mikilli umferð. Vegurinn er nú úr sér genginn og slitinn og því orðinn varasamur þeim sem um hann fara. Sveitarstjórn skorar hér með á Vegagerðina á Suðurlandi að setja endurbætur vegarins, þ.m.t. endurlagningu slitlags, í forgang fyrir komandi sumar.

10. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Beiðni um rekstrarleyfi vegna gistingar í Hrunamannavegi 3.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Nortia ehf um rekstrarleyfi vegna gistingar í 8 íbúðum á annarri hæð að Hrunamannavegi 3, Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni fyrir sitt leyti enda er það í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins um miðsvæði í þéttbýli.

11. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda.

12. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kristnisjóð.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Kristnisjóð.

13. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

14. **Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 30. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar skólanefndar frá 30. janúar s.l. Farið var yfir skólanámskrá, gátlista um lagalegar skyldur og ýmis mál til kynningar og upplýsinga. Þá var fjallað um viðurkenningu Flúðaskóla vegna leiklistarstarfs en skólinn fékk menntaverðlaun SASS fyrir starfið. Sveitarstjórn óskar skólanum til hamingju með menntaverðlaun SASS. Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. **Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 30. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar skólanefndar frá 30. janúar s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, starfsáætlun 2019-2020, gátlista eftirlitþætti skólans annað til upplýsingar og kynningar. Sveitarstjórn samþykkir starfsáætlun 2019-2020 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

16. **Öldungaráð: Fundargerð 16. fundar ráðsins frá 20. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar öldungaráðsins frá 20. janúar s.l. Rætt var um eftirfylgni mála, breytingartillögu við lög nr. 125/1999 varðandi öldungaráð og fyrirhugaðar vettvangsferðir á útmánuðum. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. **Veitustjórn: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar frá 3. febrúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar veitustjórnar frá 3. febrúar s.l. Farið var yfir umsókn um kalt vatn í sumarhúshverfi í Dalabyggð, stöðu Kópsvatnsholunnar og jarðhitakerfa á Flúðum. Þá var farið í skoðunarferð til að skoða hreinsistöðina við félagsheimilið. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

18. **Fundargerð 190. fundar skipulagsnefndar frá 22. janúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 190. fundar skipulagsnefndar frá 22. janúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. janúar.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 13: Reykjaból lóð 15. Umsókn um byggingarleyfi.**

Lögð var fram í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 15. janúar s.l. umsókn Helga Kjartanssonar fyrir hönd Guðrúnar Björnsdóttur, móttækin 08.01.2020 um byggingarleyfi til að byggja við sumarhúsið 29,6 m<sup>2</sup> og byggja geymslu 12,8 m<sup>2</sup> á sumarhúsiðalandinu Reykjaból lóð 15 (L167013) í Hrunamannahreppi. Heildarstærð á sumarhúsi eftir stækkun verður 84,4 m<sup>2</sup>. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps geri ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að Reykjabóli 15.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að Reykjabóli 15.

**Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. janúar s.l.

**19. UTU bs: Fundargerð 72. fundar stjórnar frá 20. desember s.l.**

Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð stjórnar UTU bs. frá 20. desember s.l. Þar var fjallað um ráðningu skrifstofustjóra, drög að nýju skipuriti fyrir byggðasamlagið, starfslýsingu skrifstofustjóra og starfsmannafund. Sveitarstjórn samþykkir nýtt skipurit en fundargerðin lögð fram til kynningar að öðru leyti.

**20. UTU bs: Fundargerð 73. fundar stjórnar frá 8. janúar s.l.**

Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð stjórnar UTU bs. frá 8. janúar s.l. Þar var fjallað um ráðningu skipulagsfulltrúa en Rúnar Guðmundsson hefur sagt upp störfum. Þar var fjallað um ráðningu skrifstofustjóra, starfsmannafund og húsnæðismál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**21. UTU bs: Fundargerð 74. fundar stjórnar frá 13. janúar s.l.**

Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð stjórnar UTU bs. frá 13. janúar s.l. Þar var fjallað um starfsmannafund, ráðningu skipulagsfulltrúa og auglýsingu þar um, starfsmannamál og húsnæðismál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Önnur mál.**

**22. Límtré Vírnet ehf. Forskaupsréttur.**

Oddviti kynnti erindi frá Límtré Vírnet ehf þar sem óskað var afstöðu sveitarfélagsins sem hluthafa til forkaupsréttar af hlutafé að nafnvirði kr. 700.000. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Almannaþingir Árnassýslu: Fundargerð fundar framkvæmdaráðs frá 13. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Almannaþingir Árnassýslu: Fundargerð 3. fundar frá 13. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Byggðasafn Arnesinga: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 14. janúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 289. fundar stjórnar frá 15. janúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**e. SASS: Fundargerð 552. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um drög að frv. um Hálendisþjóðgarð.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Umhverfisstofnun: Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu.**

Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

**h. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 26. mars n.k.**

Lagt fram til kynningar.